



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**Á MORGUN KL. 12:00 Í NORRÆNA HÚSINU
SJÁLFBÆRT BORGARSKIPULAG**

Prófessor Donald Miller heldur opinn fyrirlestur í boði forseta Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Norræna hússins og Skipulagsfræðingafélags Íslands.

Donald Miller, sem er prófessor í skipulagsfræði við University of Washington í Seattle, hefur um langt skeið rannsakað hvernig nýta má borgarskipulag til að auka lífsgæði og stuðla að sjálfbærni þéttbýlissvæða. Hann hefur einnig skoðað hvernig leggja má mat á réttlæti í tengslum við umhverfismál sem og þróun mælikvarða á sjálfbærni og hvernig þeir nýtist við skipulag þéttbýlissvæða.

Fyrirlesturinn er liður í fyrirlestraröðinni *Nýir straumar* sem forseti stofnaði fyrir nokkrum árum. Margir þekktir fræðimenn og forystumenn hafa tekið þátt í þessari fyrirlestraröð.

Fyrirlesturinn, sem fluttur verður á ensku, verður haldinn í Norræna húsinu föstudaginn 27. apríl kl. 12:00 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

26. apríl 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).